



N1 hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar

1. janúar til 30. júní 2018

N1 hf.
Dalvegi 10-14
201 Kópavogur

Kt. 540206-2010

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjárfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9-16

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samandreginn samstæðuárshlutareikningur N1 hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2018 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árs hlutareikninga, IAS 34.

Rekstrartekjur samstæðunnar fyrstu sex mánuði ársins námu 19.144 m.kr. sem er 19% hækkun frá sama tímabili árið áður. Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður af rekstri á tímabilinu 748 m.kr. en þegar tekið er tillit til þýðingarmunar vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags er heildarhagnaður samstæðunnar 742 m.kr. Eigið fé samstæðunnar í lok tímabilsins var 14.554 m.kr. að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 250 m.kr.

Samkeppnisefirlitið samþykkti kaup N1 hf. á öllu hlutafé í Festi hf. þann 30. júlí 2018. Við kaupun, sem háð eru tilteknum skilyrðum, öðlast N1 yfiráð og verður Festi þar með dótturfélag N1. Festi rekur matvöruverslanir undir merkjum Krónunnar, Kr, Nóatúns og Kjarvals, raftækjaverslunina ELKO og vöruhótelíð Bakkann. Yfirtökudagur verður 1. september næstkomandi. Frá og með þeim tíma mun Festi ásamt dótturfélögum sínum verða hluti af samstæðu N1. Markmið kaupanna er hagræðing í rekstri sem og að veita viðskiptavinum beggja félaga öflugri og betri þjónustu. Kaupverð samkvæmt kaupsamningi er 24.187 m.kr. Þar sem hluti þess hefur verið greiddur með útgáfu nýrra hluta í N1 mun endanlegt kaupverð ráðast af gengi hlutabréfa í N1 á yfirtökudegi. Viðskiptin munu leiða til þess að eigendur Festi eignast 24,1% hlutafjár í N1. Sölubann er á helming þeirra hluta til ársloka 2018. Í skýringu 16 í samstæðuárshlutareikningum er gerð frekari grein fyrir kaupunum, fjármögnun þeirra, efnahagsreikningi og rekstrarafkomu Festi, bráðabirgða-kaupverðsútdeilingu og skilyrðum Samkeppnisefirlitsins.

Hluthafar félagsins í lok tímabilsins voru 990 talsins, en þeir voru 1.158 í upphafi ársins. Tíu stærstu hluthafar félagsins í lok tímabilsins voru:

Lífeyrissjóður verslunarmanna.....	13,3%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild og B-deild.....	11,6%
Gildi - lífeyrissjóður.....	9,3%
Lansdowne Icav Lansdowne Euro.....	8,1%
Birta lífeyrissjóður.....	6,3%
Global Macro Funds.....	5,0%
Almenni lífeyrissjóðurinn.....	4,6%
Wellington.....	4,5%
Landsbréf.....	3,5%
Íslenski lífeyrissj-Lífsbraut	2,8%

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samandreginn samstæðuárshlutareikningur N1 hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2018 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árs hlutareikninga, IAS 34. Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2018 og rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2018.

Jafnframt er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem hún býr við.

Stjórn og forstjóri N1 hf. hafa í dag fjallað um samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2018 og staðfest hann með undirritun sinni.

Kópavogi, 29. ágúst 2018

Stjórn N1 hf.

Margrét Guðmundsdóttir
Formaður

Helgi Magnússon

Kristín Guðmundsdóttir

Jón Sigurðsson

Forstjóri

Þórarinn V. Þórarinsson

Eggert Þór Kristófersson

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í N1 hf.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning N1 hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2018. Samandregni samstæðuárshlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samandregna samstæðuárshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um samandregna samstæðuárshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikningur sé ekki í öllum meginatriðum í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík 29. ágúst 2018

Ernst & Young ehf.

Ingunn H. Hauksdóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. júní 2018

	Skýr.	2018*	2017*	2018	2017
		1.4.-30.6.	1.4.-30.6.	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Sala	9	10.931.549	8.897.383	18.914.736	15.875.353
Kostnaðarverð seldra vara		(7.686.715)	(6.101.639)	(13.387.618)	(10.774.366)
Framlegð af vörusölu	10	3.244.834	2.795.744	5.527.118	5.100.987
Aðrar rekstrartekjur		123.584	98.732	229.088	201.489
Laun og annar starfsmannakostnaður		(1.237.296)	(1.178.497)	(2.331.470)	(2.243.621)
Sölu- og dreifingarkostnaður		(580.756)	(567.463)	(1.048.081)	(989.901)
Annar rekstrarkostnaður		(473.392)	(380.261)	(899.156)	(779.694)
		(2.291.444)	(2.126.222)	(4.278.707)	(4.013.217)
Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði...		1.076.975	768.254	1.477.499	1.289.259
Afskriftir		(254.368)	(242.331)	(502.237)	(485.293)
Rekstrarhagnaður		822.607	525.923	975.262	803.967
Fjármunatekjur		16.436	13.282	39.714	38.471
Fjármagnsgjöld		(107.128)	(101.491)	(209.852)	(198.662)
Gengismunur		42.686	(16.197)	28.905	(6.997)
Áhrif hlutdeildarféлага		29.142	104.982	58.660	154.705
Gangvirðisbreyting hlutabréfa		(2.228)	(588)	(2.443)	3.574
		(21.093)	(13)	(85.017)	(8.908)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		801.514	525.910	890.245	795.059
Tekjuskattur	11	(129.822)	(84.705)	(142.124)	(128.910)
Hagnaður tímabilsins		671.692	441.205	748.121	666.149
Önnur heildarafkoma					
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé,					
en kunna síðar að verða færðir í rekstrarreikning:					
Þýðingarmunur vegna starfsemi					
erlends hlutdeildafélags		9.609	(23.115)	(5.819)	(16.930)
Heildarhagnaður tímabilsins		681.301	418.090	742.302	649.219
Hagnaður og þynntur hagnaður á hlut					
í krónum		2,69	1,76	2,99	2,66

* Ársfjórðungsyfirlit samstæðunnar er ekki kannað af endurskoðanda félagsins.

Skýringar á blaðsíðum 9 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti samstæðuárshlutareikningsins.

Efnahagsreikningur 30. júní 2018

	Skýr.	30.6.2018	31.12.2017
Eignir			
Óefnislegar eignir		196.368	214.987
Rekstrarfjármunir		16.886.958	16.940.226
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum		1.894.333	1.839.908
Eignarhlutir í öðrum félögum		13.353	15.668
Skuldabréfaeign		118.396	120.914
Fastafjármunir		19.109.408	19.131.703
Birgðir		4.027.628	2.840.403
Viðskiptakröfur		3.760.622	2.595.230
Kröfur á tengda aðila		70.348	152.147
Aðrar skammtímakröfur	12	351.121	136.852
Handbært fé		3.318.979	2.800.082
Veltufjármunir		11.528.698	8.524.714
Eignir samtals		30.638.106	27.656.418
Eigið fé			
Hlutfé		250.000	250.000
Yfirverðsreikningur hlutfjár		3.153.857	3.153.857
Annað bundið eigið fé		3.985.418	4.131.579
Óráðstafað eigið fé		7.164.805	6.276.344
Eigið fé		14.554.080	13.811.779
Skuldir			
Skuldir við lánastofnanir	13	8.000.000	8.000.000
Tekjuskattskuldbinding	14	1.447.799	1.484.715
Langtímaskuldir		9.447.799	9.484.715
Tekjuskattur til greiðslu		405.546	444.276
Aðrar skuldir við hið opinbera		2.927.500	2.058.077
Skuldir við lánastofnanir	13	1.100.000	0
Viðskiptaskuldir		1.211.092	1.066.927
Skuldir við tengda aðila		249.416	113.198
Fyrirfram innheimtar tekjur		177.545	182.958
Aðrar skammtímaskuldir		565.128	494.488
Skammtímaskuldir		6.636.227	4.359.923
Skuldir samtals		16.084.026	13.844.638
Eigið fé og skuldir samtals		30.638.106	27.656.418

Skýringar á blaðsíðum 9 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti samstæðuárshlutareikningsins.

Eiginfjáryfirlit 30. júní 2018

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Annað bundið eigið fé				Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
			Lögbundinn varasjóður	Endurmats- reikningur	Óinnleystur hagnaður hlut- deildarféлага	Þýðingar- munur		
1. janúar til 30. júní 2018								
Eigið fé 1.1.2018	250.000	3.153.857	62.500	3.846.730	376.857	(154.490)	6.276.324	13.811.779
Heildarhagnaður tímabilsins						(5.819)	748.121	742.302
Bundið vegna hlutdeildarféлага					(44.440)		44.440	0
Upplausn á endurmati hlutdeildarfélags				(17.342)			17.342	0
Upplausn á endurmati rekstrarfjármuna				(78.559)			78.559	0
Eigið fé 30.6.2018	250.000	3.153.857	62.500	3.750.810	332.417	(160.308)	7.164.805	14.554.080
1. janúar til 30. júní 2017								
Eigið fé 1.1.2017	250.000	3.153.857	62.500	4.122.522	295.951	(165.582)	4.852.702	12.571.950
Heildarhagnaður tímabilsins						(16.930)	666.149	649.219
Bundið vegna hlutdeildarféлага					(37.295)		37.295	0
Upplausn á endurmati hlutdeildarfélags				(17.573)			17.573	0
Upplausn á endurmati rekstrarfjármuna				(80.894)			80.894	0
Greiddur arður til hluthafa (3,00 kr. á hlut)							(750.000)	(750.000)
Eigið fé 30.6.2017	250.000	3.153.857	62.500	4.024.055	258.656	(182.512)	4.904.612	12.471.169

Skýringar á blaðsíðum 9 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti samstæðuárshlutareikningsins.

Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2018

	2018	2017
Skýr.	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði	1.477.499	1.289.259
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Söluhagnaður rekstrarfjármuna og annarra eigna	(35.050)	(10.363)
Fyrirfram innheimtar tekjur	0	(15.106)
	1.442.449	1.263.791
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Birgðir, breyting	(1.187.225)	(139.546)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting	(1.367.730)	(1.095.938)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting	2.261.786	1.359.721
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(293.169)	124.237
Innborgaðar vaxtatekjur	39.707	29.743
Greidd vaxtagjöld af skammtímaskuldum	(1.427)	(7.244)
Greiddur tekjuskattur	(217.770)	(181.340)
Handbært fé frá rekstri	969.790	1.229.186
Fjárfestingarhreyfingar		
Keyptir rekstrarfjármunir	(473.314)	(404.267)
Seldir rekstrarfjármunir	78.014	39.032
Mótttekinn arður	120.000	192.000
Fjárfestingarhreyfingar	(275.300)	(173.235)
Fjármögnunarhreyfingar		
Greiddur arður	0	(750.000)
Greidd vaxtagjöld langtímaskulda	(190.146)	(191.221)
Fjármögnunarhreyfingar	(190.146)	(941.221)
Hækkun á handbæru fé	504.344	114.730
Gengismunur af handbæru fé	14.553	13.010
Handbært fé í ársbyrjun	2.800.082	2.266.435
Handbært fé í lok tímabilsins	3.318.979	2.394.175

Skýringar á blaðsíðum 9 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti samstæðuárshlutareikningsins.

Skýringar

1. Starfsemi

N1 hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Dalvegi 10-14, Kópavogi. Tilgangur félagsins er verslun með fast, fljótandi og gaskennt eldsneyti og olíuvörur, heildsala og smásala, kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, kaup, sala, eignarhald og rekstur fasteigna og lausafjár, ásamt lánastarfsemi tengdri rekstrinum og annar skyldur rekstur. Samstæðuárshlutareikningur N1 hf. hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélags þess EGO ehf. Vísað er til ofangreindra félaga í heild sem samstæðunnar og til einstakra félaga sem samstæðufélaga.

2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn samstæðuárshlutareikningur félagsins inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum samstæðuárshlutareikningi og ætti að lesa í samhengi við samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2017.

Stjórn N1 hf. samþykkti samstæðuárshlutareikninginn 29. ágúst 2018.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Í upphafi árs tóku gildi tveir nýir reikningsskilastöðlar, *IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavini* og *IFRS 9 Fjármálagerningar*.

IFRS 9 hefur lítil áhrif á samstæðuna miðað við núverandi starfsemi hennar. Breytist starfsemi samstæðunnar á næstunni, t.d. með aukinni áherslu á fjárfestingarstarfsemi, mun staðallinn eftir atvikum hafa áhrif á færslu og mat fjármálagerninga hennar.

IFRS 15 nær til sölu á vörum og þjónustu og setur heildstæðan ramma um veitingu upplýsinga til notenda reikningsskila um eðli, fjárhæð, tímasetningu og óvissu í tekjum og sjóðstreymi af samningum við viðskiptavini. Samkvæmt fimm skrefa tekjuskráningarlíkani IFRS 15 skal haga tekjuinnlausn á þann veg að hún endurspegli afhendingu vöru og þjónustu til viðskiptavinar og þar með flutning yfirráða til hans. Tekjulíkan IFRS 15 er því ólíkt eldri reglum þar sem tekjuinnlausn byggðist á yfirfærslu áhættu og ávinnings. IFRS 15 hafði ekki áhrif á árshlutareikninginn utan þess að tekjur eru sundurliðaðar ítarlegar en gert var í fyrri árshlutareikningum, sjá skýringu nr. 9.

4. Áhættustýring

Samstæðan notar afleiðusamninga sem lið í áhættuvörnum til að mæta sveiflum í olíuverði. Samningarnir eru til eins eða tveggja mánaða þar sem verð á olíu er fest í erlendri mynt og ná aðeins til hluta af olíuinnkaupum samstæðunnar. Samningarnir eru gerðir upp nettó með handbæru fé.

5. Framsetningar- og starfrækslugjaldmiðill

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum (ISK), sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

6. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

7. Árstíðarbundnar sveiflur

Umsvif samstæðunnar eru jafnan nokkru meiri á 2. og 3. fjórðungi ársins en á 1. og 4. fjórðungi. Bókfært verð rekstrartengdra eigna og skulda er því að jafnaði lægra í lok 1. og 4. fjórðungs en í lok 2. og 3. fjórðungs.

Skýringar, frh.:

8. Starfspáttayfirlit

Rekstrarstarfspáttur er eining innan samstæðunnar sem með starfsemi sinni getur aflað tekna og stofnað til útgjalda, þar á meðal tekjur og gjöld vegna viðskipta við aðra starfspætti samstæðunnar. Starfspættir eru ákvarðaðir af forstjóra félagsins sem yfirfer reglulega starfspætti samstæðunnar til að ákvarða hvernig eignum hennar er skipt á starfspætti og til að meta frammistöðu þeirra.

Rekstrarafkoma starfspáttu, eignir og skuldir þeirra samanstanda af liðum sem tengja má beint við hvern starfspátt og þá liði sem hægt er að skipta milli starfspáttu á rökrænan hátt.

Fjárfestingar starfspáttu eru heildarkostnaður við kaup rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna.

Verð á vöru og þjónustu sem seld er milli starfspáttu er ákveðið eins og um óskylda aðila sé að ræða.

Fyrri árs helmingur 2018	Fasteignasvið	Rekstrarsvið	Jöfnunar- færslur	Samtals
Rekstrartekjur	0	18.914.736	0	18.914.736
Aðrar tekjur	1.028.762	229.088	(1.028.762)	229.088
Heildartekjur starfspáttu	1.028.762	19.143.824	(1.028.762)	19.143.824
Heildarrekkstrargjöld starfspáttu	(214.335)	(18.480.753)	1.028.762	(17.666.325)
EBITDA starfspáttu	814.428	663.071	0	1.477.499
Afskriftir starfspáttu	(295.686)	(206.551)	0	(502.237)
Áhrif hlutdeildarfélagu	0	58.660	0	58.660
Rekstrarafkoma starfspáttu	518.742	515.180	0	1.033.921
Hrein fjármagnsgjöld				(143.677)
Tekjuskattur				(142.124)
Hagnaður tímabilsins				748.121
30. júní 2018				
Eignir starfspáttu	14.865.300	12.453.827	0	27.319.127
Óskiptar eignir				3.318.979
Eignir samtals				30.638.106
Óskiptar skuldir				16.084.026
Fjárfestingar	186.823	286.491	0	473.314
Afskriftir	(295.686)	(206.551)	0	(502.237)

Skýringar, frh.:

8. Starfspáttayfirlit, frh.:

Fyrri árshefningur 2017	Fasteignasvið	Rekstrarsvið	Jöfnunar- færslur	Samtals
Rekstrartekjur	0	15.875.353	0	15.875.353
Aðrar tekjur	928.580	201.489	(928.580)	201.489
Heildartekjur starfspáttu	928.580	16.076.842	(928.580)	16.076.842
Heildarrekestrargjöld starfspáttu	(172.623)	(15.543.540)	928.580	(14.787.583)
EBITDA starfspáttu	755.957	533.302	0	1.289.259
Afskriftir starfspáttu	(272.409)	(212.884)	0	(485.293)
Áhrif hlutdeildarféлага	0	154.705	0	154.705
Rekstrarafkoma starfspáttu	483.548	475.123	0	958.671
Hrein fjármagnsgjöld				(163.613)
Tekjuskattur				(128.910)
Hagnaður tímabilsins				666.149
30. júní 2017				
Eignir starfspáttu	13.702.761	10.752.003	0	24.454.764
Óskiptar eignir				2.394.175
Eignir samtals				26.848.939
Óskiptar skuldir				14.377.771
Fjárfestingar	80.853	323.414	0	404.267
Afskriftir	(272.409)	(212.884)	0	(485.293)

9. Sala

	2018 1.1.-30.6.	2017 1.1.-30.6.
Eldsneyti	13.584.177	10.703.630
Aðrar vörur	5.330.558	5.171.723
Sala samtals	18.914.736	15.875.353
Tekjur greinast þannig eftir viðskiptavinum:		
Sjávarútvegur	1.986.200	1.440.546
Samgöngur	2.716.606	639.973
Verktakar	1.184.673	955.685
Erlend sala	1.259.938	1.301.941
Aðrar atvinnugreinar og einstaklingar	11.767.319	11.537.208
	18.914.736	15.875.353

Skýringar, frh.:

	2018	2017
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
10. Framlegð af vörusölu		
Eldsneyti	3.086.029	2.670.189
Aðrar vörur	2.441.089	2.430.798
Framlegð af vörusölu samtals	<u>5.527.118</u>	<u>5.100.987</u>

11. Tekjuskattur

Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:	2018		2017	
	1.1.-30.6.		1.1.-30.6.	
Hagnaður fyrir tekjuskatt		<u>890.245</u>		<u>795.059</u>
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall	20,0%	(178.049)	20,0%	(159.012)
Ófrádráttarbær kostnaður	0,1%	(1.257)	0,1%	(823)
Óskattskyldar tekjur af eignarhlutum	(1,3%)	11.428	(3,9%)	30.941
Leiðréttur skattaútreikningur fyrri ára	(2,9%)	25.754	0,0%	0
Aðrir liðir	0,0%	0	0,0%	(16)
Virkur tekjuskattur	<u>16,0%</u>	<u>(142.124)</u>	<u>16,2%</u>	<u>(128.910)</u>

12. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	30.6.2018	31.12.2017
Fyrirframgreiddur kostnaður.....	130.285	34.627
Inneign virðisaukaskatts og aðrar kröfur á hið opinbera.....	120.179	64.021
Aðrar skammtímakröfur.....	100.658	38.204
Aðrar skammtímakröfur samtals.....	<u>351.121</u>	<u>136.852</u>

13. Skuldir við lánastofnanir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:	30.6.2018		31.12.2017	
	Vaxtakjör	Bókfært verð	Vaxtakjör	Bókfært verð
Óverðtryggt lán í ISK með breytilegum vöxtum.	5,1%	8.000.000	5,1%	8.000.000
Skammtímalán ISK.....	5,3%	1.100.000		0
Skuldir við lánastofnanir samtals.....		<u>9.100.000</u>		<u>8.000.000</u>

Afborganir óverðtryggs langtímaláns greinast þannig:

	30.6.2018	31.12.2017
Árið 2021.....	68.000	68.000
Árið 2022.....	408.000	408.000
Til greiðslu síðar.....	7.524.000	7.524.000
Skuldir við lánastofnanir samtals.....	<u>8.000.000</u>	<u>8.000.000</u>

Skýringar, frh.:

14. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði í lok tímabilsins:

	30.6.2018	31.12.2017
Eignir		
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur.....	1.479	4.496
Birgðir.....	0	1.660
	<u>1.479</u>	<u>6.156</u>
Skuldir		
Rekstrarfjármunir.....	1.415.126	1.464.297
Óefnislegar eignir.....	21.562	23.592
Birgðir.....	5.503	0
Önnuleystur gengismunur gjaldmiðla.....	7.087	2.983
	<u>1.449.277</u>	<u>1.490.872</u>
Tekjuskattsskuldbinding.....	<u>1.447.799</u>	<u>1.484.715</u>

15. Kennitölur

Helstu kennitölur félagsins:

	2018	2017
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Rekstur		
Veltuhraði vörubirgða: vörunotkun* / meðalstaða vörubirgða á tímabilinu.....	7,94	6,97
Söludagar í viðskiptakröfum:		
meðalstaða viðskiptakrafna á tímabilinu / seldar vörur og þjónusta *	30	32
Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði / framlegð af vörusölu.....	26,7%	25,3%
Laun og launatengd gjöld / framlegð af vörusölu.....	42,2%	44,0%
Sölu- og dreifingarkostnaður / framlegð af vörusölu.....	19,0%	19,4%
Annar rekstrarkostnaður / framlegð af vörusölu.....	16,3%	15,3%
	30.6.2018	31.12.2017
Efnahagur		
Veltufjárhlutfall: Veltufjármunir / skammtímaskuldir.....	1,74	1,96
Lausafjárhlutfall: (Veltufjármunir - birgðir) / skammtímaskuldir.....	1,13	1,30
Skuldsetning: Nettó vaxtaberandi skuldir ** / EBITDA ***	1,42	1,38
Eiginfjárhlutfall: Eigið fé / heildarfjármagn.....	47,5%	49,9%
Arðsemi eigin fjár: Afkoma* / meðalstaða eigin fjár á tímabilinu.....	10,6%	16,1%

* Rekstrarfjárhæðir eru reiknaðar á ársgrundvelli.

** Meðalstaða nettó vaxtaberandi skulda er meðalstaða síðastliðins árs

*** EBITDA síðastliðinna 12 mánaða

Skýringar, frh.:

16. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Kaup N1 á Festi

Þann 30. júlí 2018 samþykkti samkeppniseftirlitið kaup N1 hf. á öllu hlutafé í Festi hf. með skilyrðum sem fram koma í sátt sem undirrituð hefur verið á milli N1 og Samkeppniseftirlitsins. Festi rekur matvöruverslanir undir merkjum Krónunnar, Kr, Nóatúns og Kjarvals, raftækjaverslunina ELKO og vöruhótelíð Bakkann. Yfirtökudagur verður 1. september næstkomandi. Frá og með þeim tíma mun Festi ásamt dótturfélögum sínum verða hluti af samstæðu N1.

Markmið kaupanna er hagræðing í rekstri sem og að veita viðskiptavinum beggja félaga öflugri og betri þjónustu, en miklar breytingar hafa orðið og munu áfram verða á þeim mörkuðum sem þessi fyrirtæki starfa á. Árleg samlegðaráhrif af sameiningu N1 og Festi eru á bilinu 500 - 600 m.kr. Samlegðaráhrif munu koma fram næstu 12 - 18 mánuði.

Skilyrði samkeppniseftirlitsins

Helstu skilyrði samkeppniseftirlitsins vegna kaupa N1 á Festi eru sem hér segir:

1. Aukið aðgengi nýrra endurseljenda að fljótandi eldsneyti í heildsölu.
2. Aukið aðgengi að þjónustu hjá Olíudreifingu ehf.
3. Sala á fimm sjálfsgreiðslustöðvum til nýrra, óháðra aðila á eldsneytismarkaði. Um er að ræða þrjár sjálfsgreiðslustöðvar undir merkjum Dælnnar við Fellsmúla og Staldrið í Reykjavík og Hæðarsmára 8 í Kópavogi og tvær stöðvar undir merkjum N1 við Salaveg í Kópavogi og Vatnagarða í Reykjavík.
4. Sala á Kjarvals-verslun á Hellu.

Kaupverð, greiðsla þess og fjármögnun

Fjármögnun kaupanna verður annars vegar með lántöku og hins vegar með útgáfu nýrra hluta í N1, auk þess sem félagið mun nota handbært fé til greiðslu hluta kaupverðsins. N1 hefur gefið út 79.573.913 hluti sem afhentir verða hluthöfum Festi. Við ákvörðun endanlegs kaupverðs er í kaupsamningi miðað við að hlutirnir verði afhentir á genginu 115. Heildarkaupverð hlutafjár í Festi er áætlað 24.187 m.kr.

Þó að í kaupsamningi sé miðað við að hlutir í N1 verði afhentir á genginu 115 skal samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum miða við markaðsgengi hluta á yfirtökudegi. Verði markaðsgengi annað en það gengi sem miðað er við í kaupsamningi hefur það áhrif á útreikning kaupverðs og kaupverðsútdelingu. Eftirfarandi er sundurliðun kaupverðs miðað við forsendur í kaupsamningi um að gengi hluta í N1 verði 115. Fjárhæðir eru í m.kr.

Kaupverð alls hlutafjár í Festi hf.	24.187
Greitt með eigin handbæru fé N1 hf.	2.356
Greitt með handbæru fé, ný lántaka N1 hf.	12.680
Greitt með nýju hlutafé í N1 hf.*	9.151
Samtals	24.187

*Útgáfa nýrra hluta í N1 til eigenda Festi leiðir til þess að þeir munu eignast 24,1% hlutafjár í N1. Sölubann er á helming þeirra hluta til ársloka 2018.

Auk kaupverðsins hafa á árinu 2018 fallið til 66 m.kr. vegna beins kostnaðar tengdum kaupunum (2017: 69 m.kr).

Skýringar, frh.:

16. Atburðir eftir lok reikningsskiladags, frh.:

Eignir og skuldir Festi og yfirverð við kaup

Eftirfarandi tafla sýnir bókfært verð eigna og skulda Festi samkvæmt samstæðuársreikningi félagsins í lok fjárhagsárs 28. febrúar 2018, en yfirtakan mun miðast við gangvirði yfirtekinna eigna og skulda Festi á yfirtökudegi, 1. september 2018. Áætlað kaupverð hlutafjár er í töflunni sýnt miðað við fyrrgreindar forsendur í kaupsamningi um að gengi hlutabréfa í N1 sé 115, en á yfirtökudegi skal miða við markaðsverð hlutabréfa í N1 á þeim tíma. Fjárhæðir eru í m.kr.

Rekstrarfjármunir	12.077
Fjárfestingarfasteignir	8.805
Viðskiptavild	7.258
Óefnislegar eignir	3.797
Eignarhlutir í öðrum félögum	32
Vörubirgðir	3.735
Viðskiptakröfur	484
Aðrar skammtímakröfur	197
Handbært fé	1.673
Skuldir við lánastofnanir	(15.029)
Tekjuskattsskuldbinding	(1.824)
Viðskiptaskuldir	(3.822)
Ógreiddir reiknaðir skattar	(286)
Aðrar skammtímaskuldir	(1.187)
Eigið fé	15.909
Áætlað kaupverð hlutafjár í Festi	24.187
Áætlað kaupverð umfram bókfært eigið fé Festi 28. febrúar 2018	8.278

Kaupverðsútteiling

Eins og að framan greinir er kaupverð hlutafjár í Festi áætlað um 8.278 m.kr. hærra en eigið fé félagsins þann 28. febrúar 2018. Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum skal N1 framkvæma kaupverðsútteilingu á yfirtökudegi, þ.e. meta aðgreinanlegar yfirteknar eignir og skuldir Festi á yfirtökudeginum 1. september 2018. Aðgreinanlegar eignir og skuldir félagsins eru þá endurmetnar til gangvirðis. Viðskiptavild í yfirteknu félagi er ekki aðgreinanleg eign. Að því marki sem kaupverð eignarhlutarins í Festi er hærra en gangvirði yfirtekinna aðgreinanlegra eigna að frádregnu gangvirði yfirtekinna skulda er mismunurinn færður sem viðskiptavild í samstæðuársreikningi N1.

Kaupverðsútteilingu er ekki lokið en eftirfarandi er bráðabirgðamat á gangvirði yfirtekinna eigna sem kaupverðsútteiling hefur áhrif á en það mat kann að taka breytingum. Reiknað er með því að útteilingu kaupverðs ljúki fyrir lok nóvember en þó með þeim fyrirvara að ef nýjar upplýsingar um stöðu eigna og / eða skulda á yfirtökudegi koma fram innan eins árs frá yfirtöku getur kaupverðsútteiling breyst.

Skýringar, frh.:

16. Atburðir eftir lok reikningsskiladags, frh.:

Kaupverðsútteiling, frh.

Bráðabirgðaútreikningur endurmetinna eigna og viðskiptavildar byggist á eftirfarandi forsendum:

Yfirtekin eign

Matsbreyting og forsendur bráðabirgðaútteilingu

Rekstrarfjármunir

Samkvæmt bráðabirgðamati er gangvirði fasteigna og lóða Festi 2.479 m.kr. hærra en áætlað bókfært verð þeirra á yfirtökudeginum 1. september 2018. Gangvirði annarra rekstrarfjármuna er áætlað nærri bókfærðu verði og var það því ekki metið sérstaklega. Gangvirði fasteigna og lóða er metið í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IFRS 13 Mat á gangvirði. Mat eignanna fellur undir þriðja þrep í flokkunarkerfi gangvirðismats. Gangvirðismatið byggir á núvirtu sjóðstreymi á föstu verðlagi. Framtíðartekjur eigna eru áætlaðar út frá núverandi leigusamningum og metinni markaðsleigu sem byggt er á eftir lok núgildandi leigusamninga. Ekki er gert ráð fyrir fullri nýtingu fasteigna og að hluti af leigutekjum tapist við áætlun tekna. Stærstu kostnaðarliðir í sjóðstreymismatinu er fasteignagjöld, viðhald, tryggingar og stjórnunarkostnaður. Fasteignagjöld eru áætluð samkvæmt fasteignamati 2019 og álagningarhlutföllum sveitarfélaga 2018. Aðrir kostnaðarliðir eru metnir út frá algengum viðmiðum á fasteignamarkaði. Áætlað sjóðstreymi eigna er núvirt m.v. væntan veginn fjármagnskostnað (WACC). Ávöxtunarkrafa eiginfjár tekur mið af ávöxtunarkröfu fyrir ríkistryggð skuldabréf á markaði, áhættuálagi fyrir fasteignamarkaðinn og sérstöku áhættuálagi fyrir hverja fasteign. Gert er ráð fyrir 30% eiginfjárhlutfalli. Raunávöxtunarkrafa lánsfjár er metin miðað við áætluð vaxtakjör við fjármögnun á stökum fasteignum. Fasteignir og lóðir Festi til eigin nota verða færðar samkvæmt endurmatsaðferð í samstæðureikningi N1 líkt og fasteignir og lóðir N1. Aðrir rekstrarfjármunir Festi verða færðir á afskrifuðu kostnaðarverði. Frestaður tekjuskattur verður færður vegna munar á gangvirði og bókfærðu verði rekstrarfjármuna.

Fjárfestingarfasteignir

Hluti fasteigna Festi er leigður til þriðja aðila og eru þær eignir færðar sem fjárfestingarfasteignir í samstæðureikningi Festi. Fjárfestingarfasteignir eru færðar á gangvirði gegnum rekstur og verður sömu reikningsskilaaðferð beitt í samstæðuársreikningi N1. Samkvæmt bráðabirgðamati er gangvirði fjárfestingarfasteigna 358 m.kr. lægra en áætlað bókfært verð á yfirtökudegi. Gangvirði fjárfestingarfasteigna var metið með sömu aðferð og gangvirði fasteigna og lóða sem falla undir rekstrarfjármuni. Frestaður tekjuskattur verður færður vegna munar á gangvirði og bókfærðu verði fjárfestingarfasteigna.

Óefnislegar eignir

Kaupverðsútteiling hefur ekki átt sér stað vegna óefnislegra eigna en það verður gert eftir yfirtökudag, 1. september 2018. Óefnislegar eignir verða í kjölfarið færðar á afskrifuðu kostnaðarverði og frestaður tekjuskattur færður vegna munar á gangvirði og bókfærðu verði.

Viðskiptavild

Viðskiptavild er sú fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði yfirtekinna aðgreinanlegra eigna og skulda. Viðskiptavild verður ekki afskrifuð en virðisprófuð árlega.

Afkoma Festi

Á fjárhagsárinu 1. mars 2017 til 28. febrúar 2018 voru rekstrartekjur samstæðu Festi 40.000 m.kr., EBITDA var 3.436 m.kr. og hagnaður 1.695 m.kr. Rekstraráætlun Festi fyrir rekstrarárið sem lýkur 28. febrúar 2019 gerir ráð fyrir að heildarvelta verði 43.000 m.kr. og að EBITDA verði 3.350 m.kr.